

# LANDPÓSTURINN

5. tbl. 7. árg. nóvember 1995 • Fréttabréf Félags landfræðinga  
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

## **KVÖLDFUNDUR um KÚBU** mánudaginn 13. nóvember 1995

Fundur verður haldinn í Félagi landfræðinga í stofu 101 í Odda mánudagskvöldið 13. nóvember 1995 kl. 20.15.

Þar mun Guðrún Gísladóttir landfræðingur sýna myndir frá för sinni til Kúbu sl. sumar og segja frá því sem henni fannst markverðast, séð með augum landfræðings frá Íslandi. Þess má geta að ferðin heppnaðist með ágætum og hreifst Guðrún mjög af landi og þjóð. Margir hafa beðið spenntir eftir því að fá meira að heyra, og sjá þar að auki myndir úr förinni.

## **SAMKOMA Jarð- og landfræðinga** laugardaginn 11. nóvember 1995 kl. 20:00— ?

Fyrirverandi og núverandi jarð- og landfræðinemar í Háskóla Íslands standa fyrir samkomu að Ármúla 40 laugardaginn 11. nóvember 1995. Húsið verður opnað klukkan átta um kvöldið og verður opið eitthvað framundir morgun. Engar veitingar verða á staðnum en fólk er hvatt til þess að taka með sér það sem þurfa þykir.

Aðgangseyrir verður 500 kr. og er ætlaður til að standa straum af húsaleigu. Engin dagskrá er skipulögð heldur er hugmyndin að fólk fái tækifæri til að hittast á ný, spjalla og dansa. Vitað er til þess að einhverjir árgangar ætli að hittast fyrir um kvöldið og fara út að

spu

borða, eins stefnir stór hópur á að hittast í salnum klukkan átta stundvíslega, og þanta sér mat þangað.

Samskonar skemmtun var haldin árið 1993 í sömu húsakynnum. Rúmlega 90 manns mættu þá og þótti skemmtunin takast í alla staði vel. Fólk er hvatt til þess að hafa samband við félagi sína og mæta galvaskt!

— Ásgeir Jónsson (vs. á Landgræðslunni)

— Fanney Ósk Gísladóttir (vs. hjá Jarð- og landfr.skor)

— Ingibjörg Jónsdóttir (vs. hjá Veðurstofunni)

## Vinsamlegar ábendingar

Enn skal minnt á að gleyma ekki að greiða útsenda gíróseðla með árgjaldi Félags landfræðinga. Sömu leiðis eru félagsmenn, sem heita nöfnum er byrja á A-G, minntir á að skila próförkum vegna Náttúrufræðingatals til ritstjórnarinnar.

## Vel heppnaður fundur í september

Fimmtudagskvöldið 28. september hélt Guðrún Gísladóttir erindi hjá Félagi landfræðinga um áhrif langvarandi beitar á umhverfi og uppskeru gróðurlenda á sunnanverðum Reykjanesskaga. Á fundinn mættu milli 10 og 15 manns, og urðu líflegar umræður um gróðurvernd, uppgræðslu, og ástand gróðurlenda á Reykjanesskaga eftir að Guðrún hafði flutt sitt ágæta erindi um rannsóknir sínar. Hefði vafalaust verið efni til þess að ræða t.d. kosti og galla lúpínunnar langt fram eftir nóttu, en minnugir fyrri reynslu af þaulsætni í Lögbergi héldu fundarmenn aftur af sér, og hættu skoðanaskiptum fyrir kl. 23. —KE

## Hugmyndastefna um nám í landafræði við HÍ

Fundur var haldinn í Félagi Landfræðinga 2. október 1995 um efnið *Framtíðarskipulag náms í landafræði við Háskóla Íslands* og var hann haldinn í samvinnu við Jarð- og landfræðiskor. Fundur hófst kl. 16.00 og stóð til kl. 16.54. Fundarstjóri var Guðrún Halla Gunnarsdóttir og fundarritari Sigríður Haraldsdóttir.

Í upphafi fundar kynnti Guðrún Ólafsdóttir einblöðung sem sendur hafði verið út með Landpóstinum. Á einblöðungnum var að finna tillögu að framtíðarskipulagi náms í landafræði við Háskóla Íslands. Þá greindi Guðrún frá tilefni þessa fundar sem var umræða meðal fastra kennara og stundakennara sl. vor í sambandi við breytingar á stundartöflu. Kennurum fannst ástæða til að halda almennan fund til þess að félagsmenn gætu komið hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri. Með þessu móti skyldi reyna að ná til fleira fólks. Á þessum fundi var því sóst eftir skoðunum á framtíðarskipulagi og öðrum hugmyndum sem fundarmenn vildu koma á framfæri.

Á fundinum fóru fram líflegar umræðu með fjölda þátttakenda. Alls mættu 37 manns bæði fastir kennarar í landafræði, stundakennarar, útskrifaðir landfræðingar og þá einkum og sér í lagi nemendur. Hér á eftir fer samantekt á fundargerð því of langt mál væri að rekja allar þær umræður sem fram fóru. Fundargerð í fullri lengd liggur þó fyrir ef á þarf að halda.

Eins og oft vill verða varð umræðan, á köflum, nokkuð neikvæð. Flest var frekar vont, námskeið-ýmist- of-

stór eða lítil, of mikil eða of lítið af eðlisrænni landafræði o.s.frv. Eftir nokkrar umræður um málefni einstakra námskeiða kom athugasemd frá einum fundarmanna sem hljóðaði eitthvað á þann veg, að þegar námsskipulag er tekið til endurskoðunar þarf að móta einhverja stefnu og hugleiða jafnframt hvar mestra úrbóta væri þörf. Ýmsir fundarmenn urðu til þess að taka undir þessi orð.

Nokkur atriði sem fram komu á fundinum hlutu nokkurn hljómgrunn meðal fundarmanna. Flestir virtust sammála um að skyldueiningar, sem nú eru 67, eru of margar. Koma þarf skyldueiningum niður í 60 þannig að hægt verði að öðlast einhverja sérhæfingu með þeim 30 einingum sem eftir verða.

Rætt var um álag í einstökum greinum og hversu mikil vinna væri reiknuð að baki hverri einingu. Fram kom að gert er ráð fyrir stífri viku vinnu fyrir hverja einingu og jafnframt að einstakir kennarar ákveða álag í hverju námskeiði. Nokkur umræða spannst um samskipti kennara einstakra námskeiða og spurt hver hefði yfirsýn yfir námsefni í öllum námskeiðum. Í svari kom fram að haldnir hafa verið fundir með kennurum síðastliðin misseri og rætt um hugsanlega skörun á milli námskeiða. Niðurstaðan hefur oftast verið sú að þessi skörun er harla lítil. Hins vegar væri æskilegt að skorarformaður hefði ýtarlega lýsingu á hverju námskeiði, m.a. skrá yfir fyrirlestra og æfingar. Nokkuð var rætt um stundakennara sérstaklega og kom sú skoðun fram að stundakennarar væru í góðum tengslum við fasta kennara en ekki hvor við aðra. Þessu til viðbótar má bæta við að nýi deildarforsetinn hefur það á stefnuskrá sinni að efla landafræði og er vonandi að honum takist það á þeim 2 árum sem hann hefur í þeirri stöðu.

Fyrir utan almennar athugasemdir og tillögur um námið og kennsluna komu fram allmargar tillögur um einstök námskeið frá einum eða fleiri fundarmanna. Hér á eftir fara nokkrar af þessum tillögum og athugasemdum:

- Bjóða námskeið undir heitinu Eðlisræn landafræði I þar sem farið yrði yfir grunnhugmyndir.
- Færa námskeið í Svæðalandafræði yfir á vormisseri og e.t.v. breyta því eitthvað.
- Byggða- og borgarlandafræði orðin veikluleg í tillögunum.
- Of stórt námskeið í Landafræði Norðurlanda.
- Fyltja námskeið í Sögu og hugmyndafræði landfræðilegrar hugsunar frammar. Misjafnt hvað þótti ástæða til þess að færa námskeiðið frammarlega.
- Hugmyndafræði ætti að vera sjálfsagt viðfangsefni í öllum námskeiðum.
- Hafa einhverja tölvukortagerð í Kortagerð I.
- Ekki setja loftmyndatúlkun og landsnytjar í eitt námskeið.
- Þyrfti valnámskeið í ferðaþjónustu.
- Auka umhverfisfræði.
- Nauðsynlegt að hafa námsferð til útlanda og tengja hana sérstöku námskeiði.
- Auka þarf sveiganleika í náminu, þannig að hægt sé að bjóða fljótt valnámskeið í vaxtarbroddum.

Í lok fundarins var auglýst eftir tillögum um niðurskurð til þess að koma skyldueiningum niður í 60 því augljóslega þarf að velja og hafna. Hvaða námskeiðum er brýnast að bæta við? Verið er að vinna í þessum tillögum nú og þær þurfa að liggja fyrir áður en misserinu lýkur. Það dylst engum sem til þekkir að landafræði býr við skort á

föstum kennurum. Rætt var um auknar ljárveitingar í því sambandi og einnig í tengslum við raunskólinn nemenda. Stungið var upp á að Félag Landfræðinga beitti sér sem þrýstihópur í málinu.

Að lokum var ákveðið að félagið héldi annan fund þegar niðurstaða væri komin um framtíðarskipulag náms í landafræði við Háskóla Íslands. Þá hafa nemendur ákveðið að halda fund um þessi mál og koma með tillögur til úrbóta.

— Sigríður Haraldsdóttir

## **Frá aðalfundi Landverndar**

Aðalfundur Landverndar var haldinn á Flúðum 14. og 15. október sl. Guðrún Halla Gunnarsdóttir formaður félagsins sótti fundinn fyrir þess hönd ásamt fulltrúum 30 annarra félaga eða samtaka, þ.e. um helmingi þeirra sem aðild eiga að þessum landgræðslu- og náttúruverndarsamtökum. Venjuleg aðalfundarstörf voru með hefðbundnum hætti, tveir nýir kosnir í stjórn og Auður Sveinsdóttir formaður endurkjörin. Fulltrúi félagsins sat í allsherjarnefnd, sem hafði það hlutverk að samræma tillögur til ályktunar sem fyrir fundinum lágu. Í fundarlök var einni ályktun vísað frá en tíu samþykktar, þar af ein vegna niðurlagningar Pokasjóðs Landverndar. Í tilefni Náttúruverndarárs Evrópu 1995 var þema fundarins "fjölbreytileiki náttúrunnar" og héldu fyrirlesarar fróðleg og skemmtileg erindi og fundarmenn fóru til vettvangsvinnu undir þessari yfirskrift. Einnig var fyrirtækið Flúðasveppir skoðað.

—GHG

## **Kennaraseminar á Íslandi 1998**

Mikill áhugi virðist vera meðal norrænna landfræðikennara í kennaraháskólum á því að halda næstu ráðstefnu sína á Íslandi í fyrstu eða annarri viku septembermánaðar 1998. Þeir hafa snúið sér til Árna Stefánssonar hjá Kennaraháskólanum og beðið hann um að safna vösku liði áhugasamra landfræðikennara til að hjálpa til við skipulagningu slíkrar ráðstefnu. Það er ekki á hverjum degi, sem íslenskum landfræðikennurum gefst gott (og ódýrt) tækifæri til skrafs og ráðagerða við erlend starfssystkini. Slíkar ráðstefnur þarf hins vegar að undirbúa með mjög góðum fyrirvara. Því eru þeir, sem áhuga kunna að hafa, beðnir um að hafa sem fyrst samband við Árna Stefánsson. Sími Kennaraháskólans er 563 3800 og bréfasíminn 563 3833.

### **Af Landabréfi**


Ritnefnd félagsins, undir öruggri forystu Níelsar Þínsen, stefnir nú að því að næsta tölublað tímaritsins Landabréfsins komi út í upphafi næsta árs. Til stuðnings við þetta göfuga markmið, má minna aftur á tímanlega greiðslu árgjalds félagsins.

## Ráðstefna um efnisnámur

Í tilefni Náttúruverndarárs Evrópu 1995 efna Náttúruverndarráð, Skipulag ríkisins og umhverfissráðuneytið til ráðstefnu í Borgartúni 6, föstudaginn 17. nóvember 1995 um efnistöku, vinnslu og nýtingu jarðefna.

Verður nánar auglýst í fjölmiðlum.

Inga Ingtbjörg Guðm.  
Bröttubrekku 1  
200 Kópavogsi





## Skýringar við tillögur um framtíðarskipulag náms í landafræði

### Námskeið 1. árs

Jarðfræði IA: Bætt við 1e. Innræn öfl, bergfræði (kemur í stað námskeiðs í bergfræði fyrir landfræðinema).

Landafræði I: Kortalestur, kortatúlkun; kynning á notkun loftmynda og annara fjarkönnunargagna og landfræðilegum upplýsingakerfum við kortagerð.

Veðurfarsfræði: Bætt við 1e. Veðurfræði, veðurfar, loftslagsbelti, straumakerfi.

Svæðalandafræði: Nýtt 4e námskeið. Yfirlit yfir heimsálfur, menningarsvæði og lönd (Að hluta inngangssnámskeið í menningarlandafræði og pólitíska landafræði, þ.e.a.s. efni sem kennt hefur verið í námskeiðunum Mannvistarlandafræði og Hagrænni landafræði).

Jarðfræði IIA: Bætt við 1e. Útræn öfl, jarðvegur (lausleg kynning eins og inngangsbækur í jarðfræði gefa tilefni til, hagnýt jarðefni.

Tölfræði: óbreytt

Hagræn landafræði I: Minnkað um 1e. (Sjá Svæðalandafræði).

Umhverfi og mannvist: Hluti námsefnis úr Mannvistarlandafræði, þ.e.s. sem fjallar um gagnkvæm áhrif manns og náttúru og lýðfræði (fólksfjöldafræði). Jarðvegur og gróðurfar.

### Námskeið 2. árs

Kortagerð I: Skorin af 1e og færð yfir á Kortagerð II sem verður 3e.

Byggða- og borgalandafræði: Sameinað í eitt námskeið upp á 4e sem þýðir að skorin verður 1e af hvoru.

Próunarlönd: Óbreytt

Loftmyndatúlkun: Bætt við 1e

Landsnytjar: Óbreytt.

Svæðalandafræði Norðlæg lönd: Óbreytt. Tengd utanlandsferð? (Stefnt verður að því að endurheimta utanlandsferð sem fastan hluta af náminu.

Námsferð landfræðinema: Óbreytt

### Námskeið 3. árs

Landafræði Íslands: Þemabundið námskeið með fyrirlestrum og verkefnum. 3e í stað 2e.

Saga og hugmyndafræði landfræðilegrar hugsunar: Verði sjálfstætt 3e námskeið kennt á 5. misseri nú hluti af Aðferðafræði og kennt á 6. misseri.

Aðferðafræði: Sá hluti núverandi aðferðafræðinámskeiðs sem kenndur er á 5. misseri 2e. Verði áfram á 5. misseri.

Yfirlit yfir námskeið og skiptingu milli missera í landafræði  
Skólaárið 1995-96.

Skyldunámskeið 1. árs

<u>Haustmisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>	<u>Vormisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>
Jarðfræði I	3	Jarðfræði II	3
Kortalestur og kortatúlkun	4	Bergfræði f. lfr.	2
Mannvistarlandafræði	5	Jarðvegur og gróður	2
Veðurfarsfræði	3	Tölfræði f. lfr.	4
		Hagræn landafræði I	5
		Suðurlandsferð	

Skyldunámskeið 2. árs

<u>Haustmisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>	<u>Vormisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>
Kortagerð I	4	Loftmyndatúlkun	2
Byggðalandafræði	3	Landsnytjar	3
Þróunarlönd	3	Svæðalandafræði	3
Suðurlandsferð	2	Námsferð landfræðinema	

Valnámskeið 2. og 3 árs

<u>Haustmisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>	<u>Vormisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>
		Landfræðileg upplýsingakerfi	3
		Kortagerð II	2
		Sagnfræðileg landafræði	3

Skyldunámskeið 3. árs

<u>Haustmisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>	<u>Vormisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>
Landfræði Íslands	2	Aðferðafræði	4
Borgalandafræði	3	B.S. ritgerð	5
Aðferðafræði			
Námsferð landfræðinema	3		
Námsferð til útlanda	2		

Valnámskeið 2. og 3 árs

<u>Haustmisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>	<u>Vormisseri námskeið</u>	<u>einangar</u>
		Umbverfis- og skipulagsmál	3

## Tillaga um framtíðarskipulag

### Skyldunámskeið 1. árs

<i>Haustmisseri námskeið</i>	<i>einingar</i>
Jarðfræði JA	4
Landafræði I	4
Veðurfarsfræði	4
Svæðalandsfræði	4

<i>Vormisseri námskeið</i>	<i>einingar</i>
Jarðfræði IIA	4
Tölfræði	4
Umhverfi og mannvist	4
Hagræn landafræði I	4
Alls:	32e

### Skyldunámskeið 2. árs

<i>Haustmisseri námskeið</i>	<i>einingar</i>
Kortagerð I	3
Byggða- og borgalandafræði	4
Þróunarlönd	3

<i>Vormisseri námskeið</i>	<i>einingar</i>
Löftmyndatúlkun	3
Landsnytjar	3
Svæðalandafræði Norðl. lönd	3
Námsferð landfræðinema	
Námsferð til útlanda	
Alls:	19e

### Skyldunámskeið 3. árs

<i>Haustmisseri námskeið</i>	<i>einingar</i>
Landafræði Íslands	3
Saga og hugmyndafræði landfræðilegrar hugsunar	3
Aðferðafræði	2
Námsferð landfræðinema	3

<i>Vormisseri námskeið</i>	<i>einingar</i>
B.S ritgerð	5

Alls: 16e

Skyldueiningar alls: 67

Valnámskeið?